

Reglugerð um mótahald yngri flokka

## Héraðsmót

Héraðsmót eru fyrst og fremst hugsuð fyrir U12 og yngri en mótshaldari skal þó reyna að bjóða upp á keppni í öllum aldurshópum í samræmi við eftirspurn í viðkomandi héraði. Héraðsmót eru dagsmót og eru hugsuð sem æfingamót þar sem skráningar eru ekki bindandi á milli móta. Félögum er frjálst að mæta á héraðsmót utan síns héraðs. Ekki þarf að veita sérstakar undanþágur varðandi liðsskipan á héraðsmótum en upplýsa þarf þjálfara og mótshaldara um þátttöku leikmanna utan viðkomandi flokks. Stefnt er að því að allt að sex héraðsmót fari fram á hverju keppnistímabili og eru dagsetningar þeirra settar í viðburðardagatal BLÍ.

## Íslandsmót yngri flokka

BLÍ ákveður mótsstaði. Skráning fer fram hjá mótastjóra BLÍ en samskipti, mótafyrirkomulag og annað utanumhald fer fram hjá mótshaldara hvers móts.

Mótshaldari ákveður mótafyrirkomulagið í samráði við mótanefnd BLÍ úr frá skráningu og liðafjölda.

### Mótin:

**Íslandsmót að hausti** (Íslandsmót fyrri hluti í U16 og U14 í 6 manna blaki og Haustmót BLÍ í U12 í 3 manna blaki)

Mótshaldari:

**Íslandsmót að vori** (Íslandsmót BLÍ í U12 og meistaramót BLÍ í U10 og U8)

Mótshaldari:

**Íslandsmót að vori** (Íslandsmót í U20 og Íslandsmót seinni hluti í U16 og U14 í 6 manna blaki)

Mótshaldari:

## Bikarkeppni yngri flokka

BLÍ ákveður mótsstað. Skráning fer fram hjá mótastjóra BLÍ en samskipti, mótafyrirkomulag og annað utanumhald fer fram hjá mótshaldara hvers móts. Keppt er í U20, U16 og U14 í 6 manna blaki.

Mótshaldari ákveður mótafyrirkomulagið í samráði við mótanefnd BLÍ úr frá skráningu og liðafjölda.

## Keppnisflokkar og leikreglur

**U20** (elsti árg. 2003)

Í efsta aldursflokki er einungis eitt Íslandsmót og verður það að vori og er kynjaskipt. Engar undanþágur varðandi liðsskipan eru veittar í þessum flokk.

- Spilað 6 manna blak
- Spilað 2 eða 3 unnar hrinur, eftir fjölda liða
- Oddahrina upp í 15
- Hvert lið á tvö leikhlé í hverri hrinu
- Hrinur vinnast með minnst 2ja stiga mun
- Nethæð hjá drengjum er 243 cm
- Nethæð hjá stúlkum er 224 cm

### **U16** (elsti árg. 2007) og **U14** (elsti árg. 2009)

Íslandsmótið nær yfir tvær helgar (haustmót og vormót) og er kynjaskipt. Engar undanþágur varðandi liðskipan eru veittar í þessum flokkum. Samanlagður árangur liða yfir þessar tvær helgar ræður úrslitum.

- Spilað 6 manna blak
- Spilað 2 eða 3 unnar hrinur, eftir fjölda liða
- Oddahrina upp í 15
- Hvert lið á tvö leikhlé í hverri hrinu
- Hrinur vinnast með minnst 2ja stiga mun
- Nethæð hjá drengjum er 235 cm í U16 og 220 cm í U14.
- Nethæð hjá stúlkum er 224 cm í U16 og 215 cm í U14.
- Fjöldi skiptinga í U14 eru ekki takmarkaðar en þurfa að öðru leyti að fylgja blakreglum.

### **U12** (elsti árg. 2011)

Spilað er 3ja manna blak. Tvö Íslandsmót eru í þessum aldursflokki, haustmót BLÍ og Vormót BLÍ og eru mótin aðskilin frá hvort öðru en árangur á haustmótinu hefur áhrif á niðurröðun vormóts. Á haustmótinu eru krýndir Haustmeistarar og á Vormótinu eru krýndir Íslandsmeistarar. Félög geta skráð stúlknalið, drengjalið og/eða blönduð lið til leiks. Mótsfyrirkomulagið ákvarðast af skráningu liða á hvort mót. Veitt eru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverjum flokki á hvoru móti. Engar undanþágur varðandi aldurstakmörk eru veitt á mótunum.

- Spilað á stórum badmintonvelli
- Nethæð 210 cm
- Spilað er í 2 x 8 mín (tvær hrinur) samanlögð stig hrinanna ræður úrslitum
- Ef lið eru jöfn í lok seinni hrinu sker ein viðbótar uppgjöf þess liðs sem á næstu uppgjöf úr um úrslit leiks
- Engin leikhlé
- Spila þarf a.m.k. tvær snertingar
- Móttaka skal alltaf vera með bagger (fleyg)
- Þrjár uppgjafir á leikmann fyrir aftan endalínu og skulu fyrstu tvær skulu vera undirhandar, þriðja má vera yfirhandar

### **U10 blönduð lið** (elsti árg. 2013) og **U8 blönduð lið** (elsti árg. 2015)

Spilað er 3ja manna blak.

Samkvæmt reglum ÍSÍ skal ekki krýna Íslandsmeistara í þessum aldursflokkum 10 og yngri og fá allir keppendur þátttökuverðlaun eða þátttökugjöf. Í U10 er leyfilegt að krýna mótsmeistara. Mótafyrirkomulag skýrist af fjölda þátttökuliða. Mótshaldari heldur utan um skráningar og raðar mótinu niður. Við skráningu þarf að koma fram hvaða spilaform hvert lið spilar (sjá neðar, a, b eða c form). Engar undanþágur varðandi liðsskipan eru leyfðar í þessum aldurshópi.

- U10 spilar á stórum badmintonvelli (breiður og langur) en U8 spilar á minni badmintonvelli (mjór og stuttur).
- Nethæð 200 cm í U10 og hæð badmintonsnets í U8.

- Spilað er í 2 x 8 mín. Samanlögð stig hrinanna ræður úrslitum (dómari telur) í U10 (ef lið eru jöfn í lokin sker ein viðbótar uppgjöf þess liðs sem á næstu uppgjöf úr um úrslit leiks) en stig ekki talin í U8.
- Engin leikhlé í báðum flokkum.
- Spilaform (U10 hvatt til að spila a) eða b) en U8 b) eða c) útfærsluna):
  - a) Spila þarf a.m.k. tvær snertingar þar sem móttaka skal alltaf vera með bagger (fleyg).
  - b) Spilaðar er þrjár snertingar > Móttaka/vörn – Grip & kast – Bolti settur yfir með blakslagi.
  - c) Kasta & grípa án móttöku/varnar.
- Í U10 eru þrjár uppgafir á leikmann (helst fyrir aftan endalínu en má stíga inn ef þess er þörf) og skulu fyrstu tvær vera undirhandar en sú þriðja má vera yfirhandar. Í U8 má uppgjöf (undirhanda eða kasta) vera af miðjum velli eða þaðan sem keppendur ráða við.
- Ef fleiri en 3 eru í liði skal skipt inn á í uppgjöf í hverjum snúningi í báðum flokkum.